

Föstudaginn 28. apríl 1950.

Nr. 29/1950. **Guðlaugur Ásgeirsson**
 gegn
Sæmundi Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. maí 1950.

Nr. 26/1950. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
 gegn
Ólafi Hólmgeir Pálssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
 í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Það er ekki örugglega sannað með vætti vitna, sem rakín eru í héraðsdómi, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis í umrætt skipti, og eigi sker blóðrannsóknin heldur fullkomlega úr um það efni. Verður því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 og áfengislögum nr. 33/1935. Hins vegar þykir ljóst, að ákærði hafi verið svo á sig kominn vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Svo hefur ákærði og gerzt brotlegur við þær greinar lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem í héraðsdómi segir. Telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10

daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Hólmgeir Pálsson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gústafs A. Sveinssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 13. júlí 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 13. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2707/1949: Valdstjórnin gegn Ólafi Hólmgeir Pálssyni.

Mál þetta, er dómtekið var samdægurs, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Hólmgeir Pálssyni múrara, til heimilis á Bergstaðastræti 28 A, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Kærði er fæddur 7. júlí 1926 að Sauðanesi í Torfalækjarhreppi. Hann hefur aldrei, svo að kunnugt sé, sætt kærnum eða refsingum áður.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 19. febrúar 1949, kl. 03.00, ók Óskar Friðbjörnsson lögregluþjónn í lögreglubifreið eftir Miklubraut í vesturátt. Á undan lögregluþjóninum er ekið bifreiðinni R 4547. Bifreið þessari var ekið öfugu megin við umferðarhringinn á gatnamótum Snorrabrautar og Miklubraut-

ar. Lögregluþjónninn stöðvaði því nefnda bifreið á Egilsgötu. Undir stýri sat kærði. Þar sem lögregluþjónninn áleit, að kærði væri undir áhrifum áfengis, færði hann kærða á lögreglustöðina til yfirhlýðslu hjá varðstjóra, Jakob Björnssyni. Kærða var tekið blóð, er í fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.24‰ alkóhóli. Kærði neitaði því, að hann hefði neytt áfengis.

Er kærði mætti fyrir rétti, viðurkenndi hann, að hann hefði fyrr um kvöldið neytt áfengis. Skýrði hann svo frá, að hann hefði um kvöldið verið á Húnvetningahófi á Hótel Borg. Hafði hann drukkið eitt staup af „ákavíti“, áður en hann fór í veizluna. Undir borðum drakk hann létt vín og komst undir áfengisáhrif. Borðhaldinu lauk um kl. 22.00. Eftir það neytti hann „whiskys“ til kl. 01.00 um nóttina, en þá lauk skemmtuninni. Áfengisáhrifin voru þá þrotin. Hann fór frá Hótel Borg um kl. 01.30. Gekk hann heim til sín. Er þar var komið, var hringt til hans og hann beðinn að koma niður að Edduhúsi við Lindargötu til þess að aka kunningjafólki sínu, er þar hafði verið á skemmtun. Kærði tók því bifreið sína, R 4547, er stóð þarna fyrir utan húsið, og ók niður að Lindargötu. Ók síðan inn í Hlíðarhverfi og var á heimleið, er lögregluþjónninn stöðvaði hann, sem fyrr er greint. Kærði ók öfugu megin við umferðarhringinn sökum ófærðar á götunni.

Kærði hefur haldið fast við það, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar.

Nú skulu raktir vitnaframburðir:

Vitnið Ragnar Hansen var með kærða í hófinu. Það sá kærða neyta áfengis, en ekki sá það vín á kærða. Vitnið fann lítið til áfengisáhrifa.

Bróðir kærða, vitnið Gísli Guðmundur Pálsson, var og í hófinu. Vitnið sá kærða neyta vins, en gat ekki merkt áfengisáhrif í fari hans.

Vitnið Jakob Björnsson varðstjóri gat ekki séð merki áfengisáhrifa í fari kærða.

Vitnið Óskar Friðbjörnsson lögregluþjónn segir kærða hafa verið undir áhrifum áfengis. Byggir vitnið það á vínlykt, er lagði úr vitum kærða, og því, að kærði var óeðlilega loðmæltur, rauður í andliti og með gljáa í augum.

Vitnið Einar Halldórsson lögregluþjónn hefur borið, að kærði hafi komið sér svo fyrir sjónir, að hann væri undir áhrifum áfengis. Kærði var þrútin í andliti með gljáa í augum og frekar loð- og linmæltur.

Vitnið Hannes Þórólfsson lögregluþjónn hefur borið, að kærði hafi eitt-hvað verið undir áhrifum áfengis. Óeðlilegur gljái var í augum og andlitið þrútið.

Síðastgreind þrjú vitni hafa staðfest framburði sína með eiði.

Rétturinn lítur svo á, að með hinum eiðfesta framburði vitnanna Óskars Friðbjörnssonar, Einars Halldórssonar og Hannesar Þórólfssonar, sem er í samræmi við niðurstöðu blóðrannsóknarinnar, sé fengin sönnun þess, að kærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis umrætt skipti. Framburður kærða sjálfs um áfengisneyzlu sína og áfengisáhrif í hófinu bendir og til þess, að áfengisáhrifin hafi eigi verið þrotin. er kærði tekur til að

aka, því að fremur stutt stund liður frá því, að hann hætti drykkju, og þar til hann tók til að aka.

Kærði hefur því samkvæmt þessu gerzt sekur um brot gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Með því að aka öfugt við umferðarhringinn hefur kærði brotið gegn 30. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 10 daga.

Kærða ber að svipta ökuleyfi sínu samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 21. gr. áfengislaga, 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Páls S. Pálssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 250.00.

Talsmaður kærða hefur gert í vörn sinni grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á því, að hann skilaði vörn á réttum tíma. Að öðru leyti hefur málið verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Kærði, Ólafur Hólmgeir Pálsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Kærði er sviptur ökuleyfi sínu 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Páls S. Pálssonar hdl., að upphæð kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. maí 1950.

Nr. 148/1948. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn

Friðrik Bertelsen (Lárus Jóhannesson).

Brot gegn verðlagslöggjöf og gjaldeyrislöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn ákærða ásamt tveimur öðrum mönnum, og gekk dómur í máli þeirra 26. október 1948. Hefur málinu nú verið áfrýjað til Hæstaréttar aðeins að því er varðar ákærða Friðrik Bertelsen.

Í málinu er það komið fram, að firmað Block International Corporation hefur samkvæmt samningi við firmað Friðrik Bertelsen & Co. h/f tekið 5% þóknun sjálfu sér til handa af